

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli  
Keflavíkurflugvelli  
235 Keflavíkurflugvöllur

Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201901-197/H.E.  
08.06.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 30. 10. 2019, hjá eldsneytisbirgðastöð EBK Keflavíkurflugvelli.**

Þann 30. október sl. fór fram eftirlit í eldsneytisbirgðastöð EBK á Keflavíkurflugvelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Einni ábendingu var komið á framfæri í eftirlitinu varðandi gátlista í skoðunarferðum. Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR var ekki aðgengileg eftirlitsmönnum í eftirlitinu.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018, eftir að staðfesting á tryggingu eða áætlun um úrbætur berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar nk. .**

  
Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllst

  
Ásta Maack

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

# EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlugvelli



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	30.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Keflavíkurlugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný Helgadóttir	Staðsetning	322.019 393.230

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð EBK á Keflavíkurlugvelli. Í eftirlitinu var skráð eitt nýtt frávik frá starfsleyfi og einni ábendingu komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Skráningar skv. grein 3.1
2. Eftirlitsmælingar skv. grein 3.2
3. Rekstrarhandbók skv. grein 3.3
4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. grein 4.3
5. Tilkynningar mengunaróhappa sbr. grein 4.4
6. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. grein 4.5

1. Vel er haldið utan um skráningar í starfsstöðinni. Unnið er að uppsetningu nýs gæðakerfis á rafrænu formi en eins og er eru skráningar handskræðar á skráningablöð sem eru geymd í möppum á starfsstöðinni. Reglubundið eftirlit og viðhald er skráð í viðhaldshandbók. Óvenjubundin verk eru áhættumetin áður en til framkvæmdar kemur og hefur rekstraraðili þar bætt við áhættumati m.t.t. umhverfisins. Reglulega er skipt um siur og er þeim fargað í sorpeyðingastöð Suðurnesja (Kölkú). Kvittanir þess efnis voru lagðar fram í eftirlitinu sem og kvittanir fyrir móttöku spilliefna. Allir verktakar fara reglulega á námskeið m.a. til að læra á áhættumatið ofl. Ný olíuskilja var tekin í notkun í nóvember sl. Skráningar sýna að gott eftirlit er með virkni skiljunnar. Nýja olíuskiljan er með sjálfvirk aðvörðunarkerfi. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti.

2. Daglega er farið í skoðunarferð um verksmiðjuna þar sem að sjónmat er gert á tengingum ofl. Þess utan gera stjórnendur árlega úttekt á verksmiðjunni. Reglulega eru gerðar eftirlitsmælingar á olíuskilju með strimlaprófi í mælibrunni eftir olíuskilju. Útlagnir eru soglagnir og hafa verið myndaðar með reglubundnum hætti til að fyrirbyggja leka. Olíutankar eru að jafnaði opnaðir á 5 ára fresti, hreinsaðir og sjónskoðaðir. Unnið er að uppsetningu nýs sýnatökubúnaðar og drenlagna í verksmiðjunni sem og breytingum á lekavarnarþró í tengslum við stækkun stöðvarinnar. Lekaprófun á lekavarnarþró er fyrirhuguð að lokinni vinnu við að uppfæra tengingar.

3. Farið var yfir rekstrarhandbók sbr. upplýsingar í töluð 1 og 2. Einnig er til staðar þjálfunaráætlun sem unnið er eftir. Þjálfun er nú í meira mæli gerð jafnóðum í stað árlegra endurmenntunarnámskeiða áður.

4. Áhættumat og viðbragðsáætlun hefur verið unnin samhliða EAK afgreiðslustöðinni. Viðbragðsáætlunin er geymd í rauðri möppu sem er aðgengileg á starfsstöðinni.

5. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar mengunaróhappa voru afhentar í eftirlitinu og er rekstraraðili hvattur til að aðlaga þær að viðbragðsáætlunum eins og þörf er á. Mengunaróhöpp skulu tilkynnt á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

6. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda var ekki aðgengileg í eftirlitinu.

## Frávik frá

## Lýsing á frávikum

Grein 4.5 í starfsleyfi

Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR var ekki aðgengileg eftirlitsmönnum í eftirlitinu.

## ÁBENDINGAR

Gagnlegt væri að koma upp gátlista þar sem að skráð er hvað eigi að skoða í daglegum skoðunarferðum (eftirliti með mengunarvarnabúnaði).

## ANNAÐ

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat og var það kynnt rekstraraðila í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka saman heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Unnið er að stækkun olíubirgðastöðvarinnar og er umsókn um breytingu á starfsleyfi í undirbúningi skv. upplýsingum frá rekstraraðila.

Rekstraraðili vinnur að innleiðingu vottaðs gæðakerfi ISO14001.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2019

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir